



**25. fundur Heimastjórnar Fljótsdalshéraðs
haldinn í Samfélagssmiðjunni, fimmtudaginn 18. ágúst 2022
og hófst hann kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Vilhjálmur Jónsson formaður, Dagmar Ýr Stefánsdóttir aðalmaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Óðinn Gunnar Óðinsson, fulltrúi sveitarstjóra

Dagskrá:

1. 202208007 - Gangnaboð og gangnaseðlar 2022

Fyrir liggja gangnaseðlar og gangnaboð 2022 fyrir Jökulsárhlíð, Hjaltastaðabíngi, norðan Jökulsár, Skriðdal, Velli, Fellin, Jökuldal austan ár og Tungu.

Einnig liggur fyrir fundargerð fundar fjallskilastjóra og fulltrúa sveitarfélagsins, dags. 24.06.2022 auk minnisblaðs verkefnastjóra umhverfismála varðandi fjallskil. Þá liggur fyrir bókun byggðaráðs frá 16. ágúst 2022 þar sem tekið er undir þá tillögu að gjaldi fyrir dagsverk er fram kemur í minnisblaði verkefnastjóra umhverfismála og því beint til heimastjórna að taka málið til umfjöllunar og afgreiðslu.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir fyrirbyggjandi gangnaseðla.

Heimastjórn samþykkir að taka tillögu um endurgjald fyrir dagsverk með inn í frekari vinnu um fjallskil í Múlþingi sem heimastjórn leggur til að farið verði í á vegum sveitarfélagsins, samhliða endurskoðun á fjallskilasamþykkt sveitarfélaga á Austurlandi sem heimastjórn telur nauðsynlegt að ljúka sem fyrst.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. 202205380 - Kosning fulltrúa í embætti, stjórnir, ráð og nefndir

Samkvæmt D lið 48. greinar Samþykta um stjórn Múlþings ber heimastjórn Fljótsdalshéraðs að tilnefna fulltrúa í eftirfarandi nefndir:

1. Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs. Heimastjórn Fljótsdalshéraðs tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara í samræmi við skipulagsskrá fyrir sjóðinn.

2. Ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf. Heimastjórn Fljótsdalshéraðs tilnefnir einn fulltrúa í þriggja manna ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf í samræmi við 10. gr. skipulagsskrár Landbótasjóðs Norður-Héraðs og 3. gr. samkomulags milli Landsvirkjunar og virkjunarnefndar Norður-Héraðs um ýmis mál sem tengjast Kárahnjúkavirkjun, frá 10. september 2002 og viðauka með því. Aðrir fulltrúar í nefndina eru skipaðir af Landsvirkjun og Landgræðslunni.



Heimastjórn Fljótshéraðs tilnefnir eftirfarandi í stjórn Landabótasjóðs Norður-Héraðs:

Aðalmenn
Þorvaldur Hjarðar
Sólrun Hauksdóttir
Linda Björk Kjartansdóttir
Varamenn
Stefanía Malen Stefánsdóttir
Benedikt Arnórsson
Aðalsteinn Sigurðsson

Heimastjórn tilnefndir Guðfinnu Árnadóttur sem fulltrúa í ráðgjafanefnd um uppgræðslustarf.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202207041 - Gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Stóruð og svæðið norðan Dyrfjalla

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 28. júní 2022, þar sem óskað er eftir að Múlaþing tilnefni tvo fulltrúa í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Heimastjórn Fljótshéraðs tilnefnir Jóhann Gísla Jóhannsson sem fulltrúa Múlaþings í samstarfshóp um gerð stjórnunar og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

4. 202104062 - Húsnæðisáætlun og skipulagsmál

Á fundinn undir þessum lið mætti Hugufrún Hjálmarsdóttir framkvæmda- og umhverfismálastjóri sem fór yfir stöðuna á skipulagsmálum og fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir á Fljótshéraði og undirbúning húsnæðisáætlunar Múlaþings. Heimastjórn þakkar Hugufrúnu fyrir komuna.

Lagt fram til kynningar.

5. 202207043 - Erindi til fjölskylduráðs og heimastjórnar Fljótshéraðs

Fyrir liggur erindi dagsett 5. júlí 2022, frá Elsu Guðnýju Björgvinsdóttur og Kjartani Róbertssyni, þar sem vakin er athygli á skyldu sveitarfélaga til að bjóða fötluðum börnum og ungmönnum upp á frístundarþjónustu samkvæmt 16. grein laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Einnig liggur fyrir bókun fjölskylduráðs um málið frá 16.8. 2022.

Á fundinn undir þessum lið mættu Elsa Guðný Björgvinsdóttir og Kjartan Róbertsson. Einnig Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri.

Heimastjórn Fljótshéraðs styður þá ákvörðun sem fram kemur í fjölskyldurráði 16.8. 2022 að sviðsstjórum fjölskyldusviðs verði falið að vinna að undirbúningi frístundarþjónustu fyrir börn með fötlun á komandi skólaári og sumri, samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Jafnframt því verði tekin saman gögn og hugmyndir varðandi



fram tíðar fyrirkomulag í frístundapjónustu við börn með fötlun.
Heimastjórn þakkar gestum fyrir komuna og að vekja athygli á málefnum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202106106 - Úthéraðsverkefni

Á fundinn undir þessum lið mætti Jóna Árný Þórðardóttir, hjá Austurbrú, sem fór yfir stöðuna á Úthéraðsverkefninu og fyrirhugaðan íbúafund í Brúarásskóla 27. ágúst. Heimastjórn þakkar Jónu Árnýju fyrir kynninguna.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:35

